

Alþingi
Erindi nr. P 127/106
komudagur 12.11.2001



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

6. nóvember 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr.38
15. maí 1990 með síðari breytingum

Í þriðju grein frumvarpsins er kveðið á um að sjávarútvegsráðherra hafi heimild til, á hverju fiskveiðiári, að úthluta til eins árs í senn, 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa til krókaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflabáta.

Hér er verið að færa ráðherra vald til þess að úthluta þessum veiðiheimildum en eðlilegra er að okkar mati að nánar sé kveðið á um úthlutunina í lagatextanum.


Í fjórðu grein er opnuð leið til þess að koma með afla að landi sem ekki dregst frá kvóta viðkomandi skips en andvirðið á að stærstum hluta að ganga til Hafrannsóknastofnunarinnar. Hér er á ferðinni gömul hugmynd til þess að koma í veg fyrir að fiski sé hent í sjóinn. Hvað varðar uppgjör við vélstjóra fiskiskipa úr aflaverðmætinu þá eru skýr ákvæði þar um í kjasamningi milli LÍÚ og VSFÍ.

Sjöunda greinin gerir ráð fyrir því að á fiskveiðiárinu 2001/2002 verði ákveðnum krókaflamarksbátum úthlutað 3000 lestum af ýsu, 3100 lestum af steinbít og 600 lestum af ufsa. Til viðbótar á að úthluta krókaflamarksbátum aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa í samræmi við fyrri veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001.

Í framhaldinu á síðan að endurreikna aflahlutdeil aflamarksskipanna og skerða hana sem þessum tilflutningi nemur.

Með þessu frumvarpi er enn einu sinni verið að flytja veiðirétt frá aflamarksskipunum til hinna svokölluðu krókaflamarksbáta. Í hvert skipti sem frumvarpi af þessu tagi er þrælað í gegnum þingið er sagt við þá sem flutt er frá að með þessari breytingu sé friður kominn á og nú muni ekki vera farið fram á meira.

Því miður hafa það nú reynst staðlausir stafir eins og þetta frumvarp ber með sér.

Virðingarfyllst
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!